

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Fjóla Einarsdóttir <fjola@strokur.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 10. október 2023 14:23  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Klúbburinn Strókur  
**Attachments:** Klúbburinn Strókur - umsókn um styrk 2023.docx

Kæra sveitarstjórn

Klúbburinn Strókur á Selfossi hefur sýnt fram á gildi sitt sem endurhæfingar- og virknimiðstöð fyrir íbúa á Suðurlandi sem þurfa á stuðningi að halda í framhaldi af andlegum veikindum og/eða glíma við félagslega einangrun. Starfsemi Stróks hefur stóraukist síðustu ár og eru félagar okkar þakklátir fyrir að geta sótt slíkt úrræði í eða nálægt sinni heimabyggð. Grunnrekstrarfé Stróks í gegnum gildandi þjónustusamning við Vinnumálastofnun dugir ekki fyrir grunnrekstrargjöldum félagsins. Þörfin á þjónustu sem okkar er mikil og úrræðið vel nýtt. Huga þarf enn betur að geðheilsu fólks og þá sérstaklega þeim sem eiga fáa eða engan að, eru utan vinnumarkaðar og/eða glíma við geðsjúkdóma. Með þessu bréfi óskum við hjá Strók eftir styrk frá ykkar bæjarfélagi/sveitarfélagi til stuðnings okkar góðu starfsemi.

Í viðhengi þessa póst er erindið formlega borið fram ásamt nánari upplýsingum um starfsemina.

Með vinsemd og virðingu,



Fjóla Einarsdóttir  
Forstöðumaður Klúbbsins Stróks  
Skólavöllum 1, 800 Selfoss  
Sími: 482-1757/690-9690

## **Umsókn um styrk**

### **Umsækjandi**

Klúbburinn Strókur – virknimiðstöð, kt. 471105-0820.

Skólavellir 1, 800 Selfoss

Sími: 4821757

Netfang: [fjola@strokur.is](mailto:fjola@strokur.is)

Heimasíða: [www.strokur.is](http://www.strokur.is)

Tengiliður: Fjóla Einarssdóttir, forstöðumaður.

### **Upphæð sem sótt er um**

Frjáls framlög

Reikningsnúmer: 0308-26-004705

Kennitala: 4711050820

### **Lýsing á starfseminni**

Klúbburinn Strókur er virkni- og endurhæfingarúrræði, staðsett á Selfossi og opið öllum íbúum á Suðurlandi en þjónustusvæðið er Árnessýsla, Rangárþing og V- Skaftafelssýsla.

Strókur er bæði athvarf og virknimiðstöð þar sem einstaklingar eru studdir í virkni og bata eftir að hafa lent utan vinnumarkaðar sökum geðraskana og/eða eru að glíma við félagslega einangrun. Opnunartími Stróks er mánud.-fimmtud. frá kl. 8:30-15:00. Þeim sem koma í þjónustu hjá Strók er boðið upp á einstaklingsmiðaðan stuðning þar sem hjálp til sjálfshjálpar er veitt og unnið út frá styrkleikum hvers og eins. Dagskrá Stróks er þannig uppbyggð að boðið er upp á dagskráliði sem styðja við iðju-, líkamlega, andlega- og félagslega færni. Unnið er með hverjum og einum að hans markmiðum og einstaklingar studdir til eflingar hvort sem er í formi fjölbreyttar vinnu í húsinu, öðrum sjálfboðaliðastörfum, skráningu í nám eða þeir aðstoðaðir við að komast út á vinnumarkað. Jafningjastuðningur er án efa einn af stærstu styrkleikum starfseminnar og það að rjúfa félagslega einangrun þegar einstaklingur er utan vinnumarkaðar í skemMRI eða lengri tíma skiptir sköpum hvað varðar heilsu og endurkomu út í samfélagið og einnig til að fyrirbyggja innlagnir á geðsvið sem dæmi.

Aðal markmið Klúbbsins Stróks er að styðja við bataferli notenda heilbrigðiskerfisins og að fólk með geðraskanir og/eða félagslega einangrun fái úrræði við sitt hæfi í heimabyggð. Einnig að auka tengsl fólks og efla einstaklinginn til sjálfshjálpar, stuðla að virkni og endurkomu út á vinnumarkað, fyrirbyggja innlagnir og brjóta niður fordóma.

Nú eru virkir félagar í Strók um 60 talsins. Aldur félaga er frá 23 ára – 79 ára. Daglega mæta að meðaltali 15-20 manns í hús og er misjafnt eftir markmiðum hvers og eins hvað viðvera er löng. Sumir mæta 1-2x í viku, sumir alla daga sem opið er og allt þar á milli.

Dæmi um dagskrárlíði hjá Strók eru: iðja og vinnustofa, sjálfsefling, hugleiðsla, vinna í tækniveri, vatnsleikfimi, gönguferðir, vettvangsferðir, akrýlmálun, fjölbreytt námskeið og fyrirlestrar eftir því sem fjármagn leyfir. Heimilismatur er seldomur í hádeginu gegn vægu gjaldi og sjá félagar um að aðstoða við undirbúning og frágang.

Klúbburinn Strókur er sjálfseignarstofnun og er starfsemin rekinn með þjónustusamningi við ríkið í gegnum Vinnumálastofnun þar sem kveðið er á um starfsendurhæfingu fólks með geðraskanir. Strókur hefur treyst á styrki frá sveitarfélögum, ýmsum stofnunum, félagasamtökum og velunnurum þar sem grunnrekstrarfé gegnum gildandi þjónustusamning dugir ekki fyrir rekstrargjöldum félagsins.

Félagsráðgjafar frá sveitarfélögum, starfsmenn Birtu, VMST og geðheilsuteymi HSU eru í góðu sambandi við starfsmenn Stróks og koma með skjólstæðinga sína í fyrstu heimsókn í Strók. Þeir halda utan um sína skjólstæðinga í þeirri endurhæfingu sem þeir sækja í Strók í samvinnu við starfsmenn Stróks. Aðrir fagaðilar hafa stutt við starfið eftir þörfum og í góðri samvinnu við starfsmenn Stróks. Fyrsta heimsókn hvers félaga skiptir miklu máli þar sem starfsemin er kynnt og leggjum við okkur mikið fram við að taka vel á móti nýjum félögum þar sem fyrstu skrefin inn í virkni geta verið erfið.

### Mikilvægt virkniúrræði

Allt starf klúbbsins er félögum að kostnaðarlausu fyrir utan þegar farið er í vettvangsferðir eða annað tilfallandi sem er þó ávallt val hvers og eins og er þá kostnaði haldið í algjöru lágmarki. Mjög mikilvægt er að geta boðið þjónustu sem þessa í heimabyggð þar sem það gerir einstaklingum auðveldara fyrir að mæta og sinna því sem lagt er upp með af festu og reglusemi. Styður það frekar við endurkomu út í samfélagið að loknum veikindum að vera virkur með einhverjum hætti í nærumhverfi sínu. Er það stefna félagsins að halda kostnaði fyrir þjónustubega eins mikið niðri og hægt er þar sem langflestir sem sækja úrræðið eru með lífeyri af einhverju tagi og margir af þjónustubegum með afar takmarkað ráðstöfunarfé.

Klúbburinn Strókur hefur sýnt fram á gildi sitt sem virknimiðstöð og úrræði fyrir hvern þann sem vill og þarf á stuðningi að halda sökum geðraskana og/eða félagslegrar einangrunar. Við þurfum á fjárstuðningi núna að halda til að geta haldið starfseminni gangandi og því sendum við þetta bréf til ykkar og óskum eftir stuðningi frá ykkur. Hver einasta króna skiptir máli.

Með vinsemdu og virðingu,

Fjóla Einarsdóttir, forstöðumaður Klúbbsins Stróks.